

Þriðjudaginn 19. september 1995.

Nr. 304/1995.

**Guðrún St. Halldórsdóttir Dodsworth**

(Sigurmar K. Albertsson hrl.)

gegn

**Guðrúnu Einarsdóttur**

**Erlu Nielsen**

**Niels Christian Nielsen og**

**Kjartani Nielsen**

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

Kærumál. Dómkröfur. Frávísunarúrskurður felldur úr gildi.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 29. ágúst 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 12. september sl. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að fella efnisdóm á málið. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðilar krefjast þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sóknaraðili dæmdur til að greiða varnaraðilum kærumálskostnað.

Málsaðilar eiga samliggjandi sumarbústaðarlóðir í landi Norðurkots í Grímsneshreppi. Samkvæmt afsali 22. maí 1936 til föður sóknaraðila, Halldórs R. Gunnarssonar, var lóðin, sem nú tilheyrir sóknaraðila, seld með eftirfarandi kvöð: „Á lóðinni hvílir gangstígs-kvöð að lóð Erl. og Jóns Odds Jónssonar og að næstu lóð fyrir sunnan, enda greiði lóðacigendur girðingar meðfram gangstígnum eftir fyrirlagi Halldórs R. Gunnarssonar.“ Samsvarandi ákvæði var í afsali Halldórs til sóknaraðila 1. ágúst 1963. Erlendur og Jón Oddgeir Jónssynir voru fyrri eigendur sumarbústaðarlóðar varnaraðila. Ágreiningslaust er, að varnaraðilar lögðu sumarið 1992 malarveg færan bifreiðum að sumarbústaðarlóð sinni um lóð sóknaraðila, þótt slíkri málaleitan hefði áður verið hafnað.

Í málinu krefst sóknaraðili þess, að varnaraðilum verði gert skylt

að fjarlægja greindan malarveg. Kröfugerð sóknaraðila verður að skilja á þann veg, að í henni felist krafa um, að varnaraðilum verði gert að fjarlægja malarefni, sem sett hefur verið í hið umdeilda vegarstæði. Verður, eins og á stendur, að telja þessa kröfugerð nægjanlega ljósa, til að dómur verði lagður á málið. Er ástæðulaust fyrir sóknaraðila að afla sér fyrst viðurkenningardóms um réttindi sín, enda fæst eftir þörfum úr þeim skorið við úrlausn um þá skyldu, sem sóknaraðili krefst, að verði lögð á varnaraðila. Verður hinn kærði úrskurður því felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Rétt er, að varnaraðilar greiði sameiginlega sóknaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

#### D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi. Lagt er fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Varnaraðilar, Guðrún Einarsdóttir, Erla Nielsen, Niels Christian Nielsen og Kjartan Nielsen, greiði sóknaraðila, Guðrúnu St. Halldórsdóttur Dodsworth, sameiginlega 70.000 krónur í kærumálskostnað.

#### Úrskurður Héraðsdóms Suðurlands 24. ágúst 1995.

##### I.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 18. ágúst sl. að loknum munnlegum málflutningi um fram komna frávísunarkröfu, er höfðað hér fyrir héraðsdóminum með stefnu, út gefinni 5. september 1994 og birtri s. d., af Guðrúnu St. Halldórsdóttur Dodsworth, kt. 210429-3609, 22 Thornton Way, Cambridge, CB 3 ONJ, Englandi, á hendur Guðrúnu Einarsdóttur, kt. 230609-3149, Hofteigi 30, Reykjavík, f. h. dánarbús Erlings Jónssonar, kt. 061201-4839, Erlu Nielsen, kt. 160742-2329, Mýrarási 9, Reykjavík, Niels Christian Nielsen, kt. 050346-3749, Hávallagötu 37, Reykjavík, og Kjartani Nielsen, kt. 100851-3779, Elstasundi 87, Reykjavík. Málið var munnlega flutt vegna frávísunarkröfu stefndu 18. þ. m. Í þessum þætti málsins eru stefndu sóknaraðilar, en stefnandi varnaraðili.

Dómkröfur stefndu, sóknaraðilans, eru þær, að kröfum stefnanda verði vísað frá dómi og stefnandi verði dæmdur til að greiða stefndu óskipt málskostnað að skaðlausu, þ. m. t. virðisaukaskatt á málflutningsþóknun.

Dómkröfur stefnanda, varnaraðilans, eru hins vegar þær, að frávísunar-

kröfu stefndu verði hafnað og efnisdómur lagður á málið og stefndu gert að greiða stefnanda málskostnað að viðbættum virðisaukaskatti.

## II.

Hinn 18. ágúst sl. kynnti lögmaður stefnanda breytingu á dómkröfum stefnanda í málinu og sagði dómkröfur stefnanda eftir breytingu vera þessar: „Að stefndu verði gert skylt með dómi að fjarlægja malarveg, sem þau hafa látið leggja yfir landspildu stefnanda úr landi jarðarinnar Norðurkots í Grímsneshreppi . . .“ Stefnandi gerði auk þess málskostnaðarkröfu. Stefndu telja, að dómkrafa stefnanda sé ódómtæk, þar sem hana skorti skýrleik, og krefjast því frávísunar.

---

## IV.

Í l. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála er m. a. boðið, að kröfur verði að koma skýrlega fram í stefnu. Óljós eða ófullkomin kröfugerð getur leitt til frávísunar máls, sbr. 1. mgr. 111. gr. laga nr. 91/1991. Um óljósa og ófullkomna kröfugerð er að ræða, ef ekki kemur skýrt fram í stefnu, hvers krafist er. Þegar svo háttar til, hefur stefndi ekki tök á því að hafa uppi eðlileg andmæli við kröfunni og getur því ekki tekið afstöðu til þeirra atriða, sem hafa þýðingu í málinu og vörn hans kann að byggjast á, sbr. 1. mgr. 99. gr. laganna. Ef slíkir ágallar eru á málaltilbúnaði stefnanda, hefur dómari ekki tök á öðru en vísa málinu frá dómi samkvæmt kröfu eða af sjálfsdáðum. Þótt dómari kappkosti að fylgjast með málinu í öllum atriðum, getur hann ekki bætt úr þessum ágalla með atbeina sínum skv. 3. mgr. 101. gr. laganna. Í þessu felst, að dómari getur ekki bætt úr óljóstri kröfugerð með spurningum sínum um málsástæður, sbr. einnig 1. mgr. 111. gr. laganna, sem kveður á um það, að dómari megi ekki fara út fyrir kröfur aðila í dómi sínum.

Krafa stefnanda lýtur að því, að stefndu verði skylt að fjarlægja malarveg, er þau létu leggja yfir landspildu stefnanda, þ. e., að í dómsorði verði kveðið á um slíka skyldu. Ef krafa stefnanda nær fram að ganga, ber stefndu að flytja malarveginn burt, en sögnin að fjarlægja þýðir að koma einhverju í burtu, ryðja úr vegi. Ljóst er hins vegar, að ágreiningur málsaðila lýtur að því, hvernig túlka beri samhljóða ákvæði í gömlu eignarheimildunum, sem mælir fyrir um, hvernig haga eigi umferð um skóginn með það að takmarki, að skógurinn verði verndaður eftir mætti. Aðaláherslan er því sú að fá úr því skorið, hvort skilningur stefnanda á ákvæðinu sé réttur, en ljóst er, að stefnandi skilur ákvæðið svo, að það hindri stefndu í að fara um land hennar eftir akfærum vegi, þar sem áður var göngustígur. Vegna aðgerða stefndu hafði stefnandi ríka og lögvarða hagsmuni af því að fá úr því skorið, hvaða rétt hún ætti á grundvelli þessa

ákvæðis. Stefnanda var því rétt á grundvelli 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 að höfða mál til viðurkenningar á skilningi sínum á ákvæðinu. Viðurkenning á slíkum efnisrétti veitti stefnanda síðan möguleika á að fá aðfararhæfan dóm um skyldu stefndu til virkra athafna.

Í málinu krefst stefnandi hins vegar, að stefndu verði dæmd til virkra athafna, þótt ekki hafi verið sérstaklega skorið úr um, hvert sé inntak efnisréttar hennar í þessu sambandi. Ekki þykja vera efni til að kveða á um, hvort sú réttarfarsleið, sem stefnandi hefur valið, sé henni tæk, en hitt er ljóst, að dómur, sem kveður á um skyldu stefndu til að flytja burt malarvegin, leysir ekki úr ágreiningi málsaðila um það, hverjar heimildir stefndu hafi til að fara um land stefnanda til að komast að landi sínu og hver réttur stefnanda sé til að takmarka slíka umferð. Að þessu leyti er kröfugerð stefnanda ófullkomin. Hún er einnig óljós að því leyti, að af henni verður ekki ráðið, hvenær stefndu teljist hafa fullnægt umkrafinni skyldu. Slíkir ágallar þykja þannig vera á kröfugerð stefnanda í málinu, að ekki verði hjá því komist að vísa kröfum hennar í málinu og þar með málinu í heild sinni frá dómi. Í samræmi við þá niðurstöðu málsins, sbr. 2. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, ber stefnanda að greiða stefndu óskipt málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn 50.000 krónur, og hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi. Stefnandi, Guðrún St. Halldórsdóttir Dodsworth, kt. 210429-3609, greiði stefndu, Guðrúnu Einarasdóttur, kt. 230609-3149, f. h. dánarbús Erlings Jónssonar, Erlu Nielsen, kt. 160742-2329, Niels Christian Nielsen, kt. 050346-3749, og Kjartani Nielsen, kt. 100851-3779, óskipt 50.000 krónur í málskostnað.